

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>HUGMYNDAVINNA MYNL2HU05</b>	
	<b>Námsáætlun VOR 2017</b>	

Kennarar	Sk.st	Viðtalstímar	Netfang
Arna G. Valsdóttir	AVA	MÁN. 10.40 – 11.20 / kennarastofu listnámsbrautar	arna@vma.is
Véronique Legros	VER	MIÐ. 9.55 – 10.35 / kennarastofu listnámsbrautar	vero@vma.is

## Áfangalýsing



Í áfanganum er fjallað um aðferðir til að efla skapandi hugsun, leikni í þróun hugmynda og hæfni til að koma þeim á framfæri. Notaðar eru ýmsar aðferðir við að skrásetja hugmyndir og þróa þær í gegnum leik og tilraunir. Lögð er áhersla á að skoða margvíslegar útfærsluleiðir, þar sem nemendur vinna bæði sjálfstætt og í samvinnu við aðra. Rík áhersla er lögð á mikilvægi ímyndunarafslins í sköpunarferlinu og unnið með ólíkar aðferðir til að virkja það.

### Þekkingarviðmið

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- hugkortum, hugstormun, spuna, þemavinnu og synektískri aðferðafræði
- markvissum leiðum til að halda utan um hugmyndir sínar og úrvinnslu þeirra
- þýðingu fjölbreyttrar gagnasöfnunar við þróun hugmynda
- hugsunarferlinu frá hugmynd til listrænnar sköpunar
- eigin persónulegu leiðum við hugmyndavinnu
- samhenginu á milli hugmynda, efnis, rýmis, tækni, aðferða og niðurstöðu
- möguleikum rýmis, lita, ljóss, hljóðs, tækja og tóla við úrvinnslu og framkvæmd hugmynda

### Leikniviðmið

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**


- vinna ferlið frá hugmynd til afurðar
- beita opinni og leitandi hugsun við þróun hugmynda
- sjá skapandi möguleika í mistökum sem hann gerir
- skýra hugmyndir sínar á munnlegan, skriflegan og myndrænan hátt
- beita margvíslegum aðferðum til að virkja ímyndunaraflið
- koma auga á óvænt samhengi og gera það sýnilegt
- beita sjálfstæði, frumkvæði og hugmyndaauðgi í vinnubrögðum við framsetningu eigin hugmynda

### Hæfniviðmið

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- þróa hugmyndir sínar á opinn og skapandi hátt í gegnum tilraunir og fræðilegar aðferðir
- kynna hugmyndir sínar á fjölbreyttan hátt
- nýta margvíslega möguleika við úrvinnslu og framkvæmd hugmynda
- vinna hugmyndavinnu í hóp og bera virðingu fyrir öðrum og skoðunum annarra.

**MOODLE : MYNL2HU05 – Hugmyndavinna (myndlist) eða MYNL2HU05 Hugmyndavinna - Arna**  
**FACEBOOK : Vma Hugmyndavinna vmahugmyndavinna@gmail.com password : akureyri**

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	<b>HUGMYNDAVINNA MYNL2HU05</b> <b>Námsáætlun VOR 2017</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

## Áætlun um yfirferð

Fyrstu 2 vikur annarinnar eru gerðar æfngar til að virkja hugmyndaferlið og "fanga" hugmyndir. Unnið er markvisst með "brainstorming" eða hugstormun og þema hugsun/vinnu. Mikið er lagt upp úr skissuvinnu og hugkortagerð. Prófaðar verða ólíkar aðferðir til að örva skapandi hugsun nemenda.

Í framhaldi er áfanganum skipt í 3 lotur þar sem nemendur vinna 3 stærri hugmynda verkefni og einnig ýmis smærri verkefni. Mikið er lagt upp úr persónulegri útfærslu á hugmyndum og því að nemendur nýti eigin færni og þekkingu til framsetningar og beiti þar öllum tiltækum miðlum. Verkefni byggja á sjálfstæðri vinnu nemenda með aðstoð og leiðsögn kennara.

*Allt vinnuferli á að vera sýnilegt í lok áfanga. Skráið hjá ykkur hvar hugmyndir fæðast og hvernig þær þróast. Geymið allt riss og skissur, takið ljósmyndir, skráið ferlið með öllum tiltækum ráðum. Geymið ALLAR hugmyndir, ekki bara þær sem þið vinnið meira með.*

LÍKA ÞÆR SEM VIRÐAST EKKI MERKILEGAR



## Námsgögn:

Stuðst er t.d. við bækurnar *Handbók í hugmynda vinnu* eftir Steingrím Eyfjörð, *Art Synectics* eftir Nicholas Roukes, *Sko punarkjarkureftir* David og Tom Kelley. Efni a Moodle, *Mind Mapping* eftir Tony Buzan, y msa vefi og annað efni um allt milli himins og jarðar.

**RRRING!** SÍMAR VELKOMNIR TIL NÁMS!

Nemendur þurfa að eiga **go ðabo** ktil að skra hugmyndir (*innifalin í efnisgjaldinu*)

## Námsmat og vægi námsþátta

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Hugmyndabanki	Hugmyndasafn - mappa (12 x 2,5%) með öllu sem gert er í tímum þælingar, skissur, ljósmyndir, tilraunir, mistök, útfærslur, æfingar, verkefni		30%
Framsetning og hönnun	Persónuleg og snyrtileg frágangur á skilum í möppu		10%
Verkefnavinna	3 stærri verkefni (3 x 10%) – hugmynd, u tfærsla og framsetning		30%
Sjálfsmat	I tarlegt mat a eigin vinnu og frammistöðu í lok annar		15%
Virkni	Opin og leitandi hugsun / Sja lfstæði i vinnubro gðum og frumkvæði / Þátttaka í verkefnum og umræðum (3 x 5%)		15%
		Samtals:	100%
<b>LOKASKIL 3. MAÍ OPIÐ HÚS á listnámsbraut – SÝNING 4. MAÍ</b>			

**ATH!** SKILAVERKEFNI SKULU SÓTT **18.MAÍ** (kl.10-13) eða seinna en allavega fyrir **SUMARFRÍ!**

Gangi ykkur vel! Með fyrirvara um breytingar

*Anna G. Valds* ARNA, VÉRO

Dagsetning: 05.01.17

Undirritun kennara

Undirritun þrutarstj., fagstj eða staðgengils